

linga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

#### 19. gr.

Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 16. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgisjód Íslands.

#### 20. gr.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri, eða hluti veiðarfæra, sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.

#### 21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998. Þann 1. janúar 1998 falla úr gildi lög nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Jafnframt eru frá sama tíma felld úr gildi ákvæði 2. mgr. 4. gr., 21. gr. og 22. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Reglugerðir, sem settar hafa verið með stoð í framangreindum lögum, halda gildi sínu.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

**um breytingar á lögum nr. 24 7. maí 1986,  
um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan  
sjávarútvegsins, með síðari breytingum.**

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað „15%“ í 1., 2. og 3. mgr. kemur: 8%.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „fiskkaupendur“ kemur: svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu.

b. Í stað „10%“ kemur: 8,4%.

c. Í stað orðanna „Stofnfjár sjóði fiskiskipa“ kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

a. 1. tölul. fellur brott og breytist töluröð annarra liða til samræmis við það.

b. Í stað orðanna „Stofnfjár sjóði fiskiskipa“ í 3. tölul., er verði 2. tölul., kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

a. Í stað „48%“ í 1. tölul. kemur: 37,5%.

b. Í stað „47%“ í 2. tölul. kemur: 56,5%.

c. Í stað „5%“ í 3. tölul. kemur: 6%.

5. gr.

Í stað 2. mgr. 9. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við skiptingu fjár milli þeirra samtaka sem um er rætt í 2. tölul. 1. mgr. annars vegar og 3. tölul. 1. mgr. hins vegar skal taka mið af fjölda félagsmanna er við fiskveiðar vinna. Skulu aðilar koma sér saman um skiptingu fjár milli hlutaðeigandi samtaka og tilkynna Lífeyrissjóði sjómanna um samkomulagið.

Komi upp ágreiningur um skiptingu fjár skv. 2. mgr. geta þau samtök sem um er rætt í 2. og 3. tölul. 1. mgr. óskað eftir því við sjávarútvegsráðherra að skipaður verði gerðardómur til að leysa úr ágreiningnum. Gerðardómur vegna ágreinings um skiptingu fjár skv. 2. tölul. 1. mgr. skal skipaður fimm mönnum, tveim tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Austfjarða, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Vestfjarða og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardómsins. Gerðardómur um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. skal skipaður þremur mönnum, einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardóms. Gerðardómi um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. er heimilt að taka mið af fleiri atriðum en um er rætt í 2. mgr. Úrskurður gerðardóms er bindandi. Kostnaður af starfi gerðardóms skal greiddur af aðilum máls.

Sjávarútvegsráðherra getur sett reglur um starfsemi gerðardóms samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Í stað orðanna „Stofnfjár sjóði fiskiskipa“ í 1. mgr. 11. gr. laganna kemur: Lífeyrissjóði sjómanna.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

a. Í stað orðanna: „Fiskveiðasjóður Íslands“ kemur: Lífeyrissjóður sjómanna.

b. Orðin „Stofnfjár sjóðs fiskiskipa og“ falla brott.

c. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Aðilar greiðslumiðlunar skv. 8. og 9. gr. skulu koma sér saman um skiptingu kostnaðar sem leiðir af umsýslu Lífeyrissjóðs sjómanna fyrir greiðslumiðlunina. Náist ekki samkomulag um skiptingu kostnaðar skal ráðherra setja reglugerð um slíka skiptingu.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu verðbréfa sjóðanna.

*Gjört á Bessastöðum, 26. maí 1997.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

26. maí 1997

Nr. 81

**LÖG****um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar er sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn umhverfisráðherra.

Stofnunin er samstarfsvettvangur þeirra sem sinna málefnum norðurslóða hér á landi og er ætlað að efla umhverfisrannsóknir á norðurslóðum og stuðla að sjálfbærri þróun og efla þátttöku Íslendinga í alþjóðasamstarfi á því sviði.

Stofnunin hefur aðsetur á Akureyri.

**2. gr.**

Stofnun Vilhjálms Stefánssonar skal leitast við að ná markmiðum sínum með því að:

- a. safna og miðla upplýsingum um málefni norðurslóða,
- b. stuðla að því að umhverfisrannsóknir á norðurslóðum séu samræmdar og gera tillögur um forgangsröð þeirra,
- c. miðla fræðslu um málefni norðurslóða til skóla og almennings,
- d. vera stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni norðurslóða, einkum umhverfisvernd og sjálfbæra þróun,
- e. annast samstarf við sambærilegar stofnanir erlendis, t.d. um rekstur fjölþjóðlegra verkefna,
- f. skapa aðstöðu fyrir fræðimenn sem stunda rannsóknarstörf á fræðasviði stofnunarinnar og
- g. sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun ráðherra.

**3. gr.**

Umhverfisráðherra skipar Stofnun Vilhjálms Stefánssonar þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn.

Formaður samvinnunefndar um málefni norðurslóða, sbr. 5. gr., skal vera formaður stjórnar, en einn skal tilnefndur af samvinnunefndinni og einn án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Stjórnin fjallar um stefnu og starfsáætlanir stofnunarinnar.